

Nóvember 2025



Ísland í örum vexti

Skýrsla starfshóps um dvalarleyfi
og næstu skref í útlendingamálum

Stjórnarráð Íslands
Dómsmálaráðuneytið



Ísland í örum vexti

Skýrsla starfshóps um
stöðuna í dvalarleyfakerfinu

Fólksfjölgun, dvalarleyfi og efnahagsleg staða

Fjallað er um ýmislegt í skýrslu starfshópsins

- ✓ **Fólksfjölgun á Íslandi** árin 2017-2025 og framlag erlendra ríkisborgara til fólksfjölgunar.
- ✓ **Þróun í fjölda dvalarleyfishafa** 2017-2025, eftir flokki og þjóðerni.
- ✓ **Norðurlandasamanburður gerður** á dvalarleyfaveitingum og hlutdeild þriðju ríkis borgara.
- ✓ **Fjallað er um efnahagslega stöðu** þriðju ríkis borgara samanborið við Íslendinga.
- ✓ **Að lokum er fjallað um 25 atriði í löggjöf og framkvæmd** dvalarleyfa á Íslandi sem telja má sem misræmi við önnur Norðurlönd og fjallað um leiðir til úrbóta.





Fólksfjölgun og dvalarleyfi 2017-2025


1



Fólksfjölgun á Íslandi er við þolmörk
og langtum meiri en í nágrannalöndunum

2017-2025: 13 sinnum meiri fólksfjölgun en að meðaltali í Evrópu

Metfólksfjölgun skýrist 69% af fjölgun erlendra ríkisborgara



Hver er staðan?

Fólksfjölgun á Íslandi á tímabilinu 2017-25 var rúmlega 13 sinnum meiri en í Evrópu að meðaltali og nær fjórum sinnum meiri en á öðrum Norðurlöndum. Fjölgun erlendra ríkisborgara, skýrir nær 70% af þessari miklu fólksfjölgun




Hver eru áhrifin?

Samsetning þjóðarinnar tók miklum breytingum en hlutdeild erlendra ríkisborgara á landvísi er nú hlutfallslega um 70% hærri en Evrópumeðaltalið og rúmlega 80% hærri en á öðrum Norðurlöndum.





Dvalarleyfisveitingar til þriðju ríkis borgara
skýra sífellt stærri hluta fólksfjölgunar á Íslandi

Fjöldi dvalarleyfishafa á Íslandi hefur nær fimmfaldast frá 2017, þar af tvöfaldast frá 2022. Fjöldinn telur nú tæplega 20.000 manns eða 1/20 af íbúum þjóðarinnar



Dvalarleyfaveitingar hafa verið stærsti áhrifabáttur fólksfjölgunar frá 2023

2023 er annað mesta fólksfjölgunarár í 320 ára sögu manntalsskráningar á Íslandi





Brottfarir / Departures
Öll hlið / All gates →

Aukning í fjölda þriðju ríkis borgara er
afar mismunandi eftir dvalarleyfaflokkum

Fjölgun þriðju ríkis borgara eftir dvalarleyfaflokki 2017-2025

Afar mismunandi eftir leyfaflokki

Alþjóðleg- eða
tímabundin vernd



2098%

Fjölskyldu-
sameining



220%

Dvalarleyfi á
grundvelli atvinnu



242%

Námsleyfi



146%

Annað



276%



Verndin hefur verið stærsti drifkraftur framan af en veiting verndarleyfa er á verulegri niðurleið í seinni tíð – fjölskylda og nám hafa verið í vexti undanfarið



Veitt verndarleyfi drógust saman um nær **50% milli áranna 2022 og 2024 og samdráttur er í umsóknum** um vernd 2024 og 2025



 Brottfarir / Departures
Öll hlið / All gates 

10 ríki af 128 ríkisföngum þriðju ríkis borgara í landinu
skýra 76% af aukningunni frá 2017



Úkraína



Venesúela



Bretland



Víetnam



Filippseyjar



Palestína



Sýrland



Bandaríkin



Indland



Afghanistan

76% af fjölgun þriðju ríkis borgara á árunum 2017-25 skýrist af **10 ríkisföngum af 128**
23 ný ríki bættust þá við flóru þriðju ríkis borgara á tímabilinu m.a. Tjad, Djíbúti og Kirgistan



Dvalarleyfin

Norðurlandasamanburður

2

Íslendingar hafa verið mun örlátari á veitingu dvalarleyfa frá 2020

Munurinn er mismunandi eftir samanburðarríki

Munur á dvalarleyfaveitingum Íslands og annarra Norðurlanda

	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Miðað við hin Norðurlöndin	-42%	-28%	-17%	12%	5%	18%	37%	33%
Miðað við <u>Finnland</u>	5%	23%	17%	36%	13%	-4%	4%	8%
Miðað við <u>Danmörku</u>	-25%	-8%	0%	41%	35%	25%	58%	19%
Miðað við <u>Noreg</u>	-18%	16%	27%	78%	42%	32%	21%	45%
Miðað við <u>Svíþjóð</u>	-62%	-54%	-43%	-20%	-19%	23%	64%	54%


? Hver er staðan?

Á árunum 2020-2024 veitti Ísland allt að 37% fleiri ný dvalarleyfi á hvern íbúa en önnur Norðurlönd að meðaltali, þar af allt að 78% fleiri ný dvalarleyfi en Norðmenn, allt að 58% fleiri ný dvalarleyfi en Danir og allt að 64% fleiri ný dvalarleyfi en Svíar.


Verndin og námsleyfin skera sig úr

Munurinn er mismunandi eftir samanburðarríki

Munur á verndarleyfaveitingum Íslands og annarra Norðurlanda



Munur á veittum námsleyfum, Ísland miðað við Noreg og Svíþjóð



Á árinu 2024 veittu Íslendingar t.a.m. nær fimmfalt fleiri námsleyfi hlutfallslega til Afríkupjórða en önnur Norðurlönd og 61% fleiri til landa Norður-Ameríku.



Meiri dvalarleyfisveitingar á Íslandi en öðrum Norðurlöndum leiddi til stökks í hlutdeild þriðju ríkis borgara á Íslandi. Hlutdeildin er **nú orðin jöfn hlutdeildinni á hinum Norðurlöndunum** en hærri en í Svíþjóð og Noregi



Þriðju ríkis borgarar 2025

fjölbreyttur hópur í viðkvæmri stöðu

3

128 þjóðir – mismunandi grundvöllur

Fjöldi ríkja og þúsundir íbúa

Alþjóðleg- eða
tímabundin vernd



49 ríki
~6.400

Fjölskyldu-
sameining



112 ríki
~4.400

Dvalarleyfi á
grundvelli atvinnu



73 ríki
~1.500

Námsleyfi



70 ríki
~1.100

Annað



102 ríki
~6.200



Þriðju ríkis borgarar á vinnualdri eru í efnahagslega viðkvæmri stöðu og mikil þörf á inngildingu og aðlögun

- 1. Mun lægri meðaltekjur en hjá Íslendingum:** Á árinu 2024 var meðaltal staðgreiðsluskyldra heildartekna hjá þriðju ríkis borgurum á aldrinum 25-54 ára um 22% lægra en meðaltal tekna meðal Íslendinga á sama aldri, þar af 31% lægra hjá íbúum frá löndum Afríku og 18% lægra hjá íbúum frá löndum Asíu.
- 2. Líklegri til að þurfa tekjustuðning:** Þriðju ríkis borgarar á aldrinum 25-54 ára eru mun líklegri en Íslendingar til að þurfa fjárhagslega aðstoð. Hlutfall tekjustuðnings (samtala atvinnuleysisbóta, bóta frá TR og Sjúkratryggingum og fjárhagsaðstoðar frá sveitarfélögum) af heildartekjum á aldrinum 25-54 ára var t.a.m 28% hjá íbúum frá ríkjum Vestur-Asíu á árinu 2024.
- 3. Minni atvinnuþátttaka:** Báð fjárhagsleg staða þriðju ríkis borgara endurspeglast í minni atvinnuþátttöku en meðal Íslendinga og meiri kynbundnum mun. Hlutfall starfandi á árinu 2024 á aldrinum 25-54 ára var lægst hjá konum frá Vestur-Asíu (31%) og Norður-Afríku (48%).



Samantekt og helstu ályktanir

4



Kjarni máls – fjórar helstu niðurstöður

- 1. Dvalarleyfin verið stærsti áhrifapáttur fólksfjölgunar frá 2023.** Á árunum 2017–2025 fjölgaði íbúum Íslands margfalt á við önnur lönd en veiting dvalarleyfa hefur verið stærsti áhrifapáttur fólksfjölgunar frá 2023.
- 2. Örlæti Íslands í dvalarleyfaveitingum haft töluverð áhrif á fólksfjölgun.** Á árunum 2020–2024 veitti Ísland allt að 37% fleiri ný dvalarleyfi á hvern íbúa en önnur Norðurlönd að meðaltali en mismunandi eftir árum, þar af allt að 78% fleiri ný dvalarleyfi en Norðmenn, allt að 58% fleiri en Danir og allt að 64% fleiri en Svíar.
- 3. Verndin og námsleyfin skera sig úr.** Veitt hafa verið allt að 254% fleiri verndarleyfi á Íslandi en öðrum Norðurlöndum að meðaltali eftir 2020 en mismunandi eftir árum. Námsleyfaveitingar skera sig einnig úr í Norðurlandasamanburði; á árinu 2024 veittu Íslendingar t.a.m. nær þrisvar sinnum fleiri námsleyfi á hvern íbúa en Norðmenn.
- 4. Fjölbreyttur hópur í viðkvæmri stöðu.** Dvalarleyfishafar á Íslandi í dag koma frá 128 ríkjum en samsetningin er mismunandi eftir flokki dvalarleyfis. Efnahagsleg staða dvalarleyfishafa á vinnualdri, 25–54 ára, er marktækt verri en Íslendinga og veruleg þörf fyrir aukna aðlögun og inngildingu.



Ályktanir hópsins og 25 atriði

Í málaflokki dvalarleyfa er að finna **viðtæk frávik og misræmi** miðað við það sem gerist annars staðar á Norðurlöndum og brýn þörf á úrbótum. Hópurinn bendir á **25 atriði** sem telja má sem misræmi í íslenskri framkvæmd og löggjöf samanborið við önnur Norðurlönd. Í eftirfarandi flokkum:

1. „Eftirlit og eftirfylgni“
2. „Almenn skilyrði og kerfispættir“
3. „Námsleyfi“
4. „Atvinnuleyfi“
5. „Fjölskyldusameining“.

Umfjöllun um misræmi á grundvelli verndar fellur utan starfssviðs hópsins. Ljóst er þó að umbætur á framkvæmd og löggjöf dvalarleyfa myndu hafa áhrif á flokk verndarleyfa á sama hátt og aukning í flokki verndar leiðir af sér aukið álag á dvalarleyfiskerfið.

Hópurinn **hvetur stjórnvöld til að marka sér stefnu um afnám íslenskra sérreglna** til að koma í veg fyrir að viðkvæmar hópar verði útsettir fyrir hagnýtingu og innflæði þriðju ríkis borgara verði mun meira til Íslands en til annarra Norðurlanda til framtíðar.

Nóvember 2025



Næstu skref í útlendingamálum

Betri umgjörð og afnám íslenskra sérreglna

Stjórnarráð Íslands
Dómsmálaráðuneytið

A group of five people, three women and two men, are standing in a formal setting, likely a government building. They are positioned in front of a large, ornate staircase with a wooden handrail and metal balustrade. The women are dressed in professional attire, including blazers and a blouse. The men are wearing suits. The background features large white columns and a polished floor.

Leiðarljós þeirra frumvarpa sem nú eru í þinginu og vinnunnar framundan er
kerfisbundið afnám íslenskra sérreglna í Norðurlandasamanburði



Verkefnið er að stýra aðflutningi betur svo Ísland **sé ekki með aðdráttarafl umfram önnur Norðurlönd vegna rýmri reglna**



Á sama tíma eru stjórnvöld meðvituð um að
aðflutningur fólks til landsins hefur knúið hagvöxt áfram síðustu ár
Verkefnið er að auka **hagvöxt á hvern íbúa**



Fimm frumvörp eru til afgreiðslu á þessu þingári
og **fjöldi reglugerðarbreytinga**



Eftirlit, umgjörð og áhætta

5 aðgerðir

HÆKKUN GJALDSKRÁR OG AUKIN SKILVIRKNI Í UMSÝSLU OG REKSTRI

ÍSLENSKAR SÉRREGLUR

1

Lægsta gjaldskráin á Norðurlöndum

Gjald fyrir atvinnuleyfi á Íslandi er að meðaltali um 80% lægra en á öðrum Norðurlöndum, 70% lægra fyrir námsleyfi og 85% lægra fyrir fjölskyldusameiningu.

2

Tvær stofnanir og umsóknir á pappír

Umsýsla um dvalar- og atvinnuleyfa er á hendi bæði VMST og ÚTL sem eykur flækjustig og dregur úr skilvirkni. Fyrstu umsóknir eru enn á pappír og stafvæðingu skortir sárlega.

AÐGERÐIR

Gjöld verða margfölduð með frumvarpi á haustþingi

Gerð verður breyting á lögum um aukatekjur ríkissjóðs og gjöld færð nær öðrum Norðurlöndum. Þannig drögum við úr hættu á misnotkun og tryggjum að tekjur standi undir kostnaði.

Frumvarp til afgreiðslu fyrir lok 2025

Umsýsla dvalarleyfa verður alfarið færð undir Útlendingastofnun með breytingu á lögum um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi útlendinga. Stafvæðingu verður hraðað.

DNA SÝNATÖKUR, RANNSÓKN SKILRÍKJA OG KRÖFUR UM FRAMFÆRSLU

ÍSLENSKAR SÉRREGLUR

3

Ísland auðkennir ekki í heimaríki og gæðamat skortir

Íslensk yfirvöld hafa ekki möguleika á að framkvæma DNA-sýnatökur í heimaríki, sannreyna skilríki og staðfesta áreiðanleika gagna. Dæmi eru um að biðtími eftir niðurstöðu lögreglu við rannsókn skilríkja sé allt að eitt ár.

4

Við gerum ekki kerfisbundnar framfærslukröfur

Framfærslukröfur á Íslandi eru úr takti við raunkostnað og reglugerðarheimild ráðherra til að útfæra tryggja framfærslu hefur ekki verið nýtt. Útlendingastofnun hefur aðeins getað sett viðmið um lágmarksframfærslu einstaklings og hjóna og ekki tekið nægilega mið af kostnaði vegna barna.

AÐGERÐIR

Samningar um sýnatökur í heimaríki og rannsókn skilríkja

Stefnt er að gerð samninga við önnur ríki eða alþjóðastofnanir um DNA-sýnatökur í heimaríki og skilríkjarannsókn verður efld. Markmiðið er að draga úr hættu á að fólk komi til landsins sem uppfyllir ekki skilyrði til dvalar.

Trygg framfærsla útfærð með reglugerð

Trygg framfærsla verður útfærð í reglugerð með hliðsjón af raunverulegum framfærslukostnaði á Íslandi að teknu tilliti til fjölskyldustærðar. Markmiðið er að tryggja að fólki sé ekki steipt í fátækt strax við komu og verði háð bótakerfum vegna lágra framfærsluviðmiða. Þá verða gerðar breytingar á með hvaða hætti umsækjandi getur sýnt fram á framfærslu.



Mat á **aðflutningsáhættu** verður leitt í lög á Íslandi

MAT Á AÐFLUTNINGSÁHÆTTU INNLEIDD Í LÖG Í FYRSTA SKIPTI

ÍSLENSKAR SÉRREGLUR

5

Mat á aðflutningsáhættu skortir

Ísland framkvæmir ekki mat á aðflutningsáhættu eins og önnur Norðurlönd. Ríkjum er þar t.d. skipt upp í mismunandi áhættuflokka og horft til persónubundinna þátta og aðstæðna í upprunaríki við afgreiðslu dvalarleyfa. Metið er hvort einstaklingur sé líklegur til að snúa heim að lokinni dvöl og gerðar meiri kröfur til gagna frá þeim ríkjum sem teljast ótrygg m.t.t. stjórnsýslu.

AÐGERÐIR

Heildarendurskoðun dvalarleyfakafla útlendinga

Mat á aðflutningsáhættu verður leitt í lög með breytingu á dvalarleyfiskafla útlendingalaga á vorþingi 2026. Markmiðið er að auka heimildir Útlendingastofnunar til eftirfylgni og áhættumats og gera ríkari kröfur um gæði gagna frá einstökum ríkjum, í samræmi við framkvæmdina á öðrum t.d. Norðurlöndum t.d. Noregi.



Einstakir dvalarleyfaflokkar

4 aðgerðir

SÉRREGLUR Í NÁMSLEYFUM VERÐA FELLDAR BROTT

ÍSLENSKAR SÉRREGLUR

1

Námsleyfakerfið er opnara en á öðrum Norðurlöndum

Ísland er eina Norðurlandið sem heimilar námsmönnum að taka aldraða foreldra með til Íslands á tíma náms og veitir 3 ára dvalarheimild eftir útskrift óháð námsleið og möguleikum til atvinnu. Skilyrði endurnýjunar dvalarleyfa m.t.t. námsárangurs eru vægari en á Norðurlöndum og gæðamat gagna nær alfarið á höndum háskólanna.

AÐGERÐIR

Frumvarp til afgreiðslu fyrir lok 2025 ásamt reglugerðum

Gerð verður breyting á lögum um um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi útlendinga (útgáfa dvalar- og atvinnuleyfa).

Fjölskyldusameiningarheimildir námsmanna verða samræmdar við Norðurlönd og dvalarheimild í kjölfar náms stytt í 1 ár og skilyrt við a.m.k. bakkalárgráðu **en öllum verður áfram frjálst að sækja um dvalarleyfi á grundvelli atvinnupátttöku**. Skilyrði fyrir endurnýjun dvalarleyfis m.t.t. námsárangurs verða hert og trygg framfærsla námsmanna útfærð með reglugerð. Heimildir Útlendingastofnunar til gæðamats námsgagna verða auknar.

ATVINNULEYFI MIÐIST MEIRA VIÐ SKORT OG ATVINNUSTEFNU

ÍSLENSKAR SÉRREGLUR

2

Sérfræðingur án sérhæfingar og óljós skortsleyfi

Ísland veitir fólki atvinnuleyfi sem sérfræðingur án háskólamenntunar en ekki eru nein skýr úrræði fyrir stofnanir til að leggja mat á raunverulega hæfni eða leggja fyrir vinnumarkaðspróf. Þá eru heimildir til að veita atvinnuleyfi á grundvelli skorts á starfsfólki afar rúmar. Á öðrum Norðurlöndum þurfa einstaklingar sem byggja á starfsreynslu eða óformlegri hæfni að sækja um almennt atvinnuleyfi þar sem horft er t.d. til launaviðmiða umfram hæfnikröfur eða hvort starf sé á skilgreindum skortlista sem tekur meira mið af fagmenntun og sérhæfingu en á Íslandi. Á öðrum Norðurlöndum eru nú engin störf sem ekki krefjast fagmenntunar eða sérhæfingar á gildandi skortlistum.

AÐGERÐIR

Heildarendurskoðun dvalarleyfakafla útlendingalaga

Gerð verður breyting á lögum um um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi útlendinga (útgáfa dvalar- og atvinnuleyfa). Búa þarf þannig um hnútana á Íslandi að skortsleyfi taki með markvissari hætti mið af sérhæfðari störfum og mati á raunverulegri vöntun á vinnumarkaði, til dæmis með beitingu skortlista sem byggja á færnipörf og framboði vinnuafls hverju sinni.

Skoða þarf sérstaklega hvernig unnt er að taka á kerfislægum flöskuhálsum í innlendri stjórnsýslu hvað varðar erlent heilbrigðisstarfsfólk og mannaflapörf í heilbrigðiskerfinu til lengri tíma enda fyrirséð að heilbrigðisstarfsfólk verði eftirsóttustu starfskraftar heims næstu árin.

TÍMI AÐ ÓTÍMABUNDNU LEYFI OG TUNGUMÁLAKRÖFUR

ÍSLENSKAR SÉRREGLUR

3

Tími að ótímabundnu dvalarleyfi samræmdur á við Norðurlönd og auknar kröfur gerðar um tungumálakunnáttu og aðlögun.

Hér á landi er unnt að sækja um ótímabundið dvalarleyfi eftir fjögurra ára samfellda búsetu og litlar kröfur gerðar um tungumálafærni eða samfélagsaðlögun. Í Danmörku er almennt krafist að lágmarki átta ára samfelldrar búsetu áður en ótímabundið leyfi er veitt, auk tungumálafærni og tryggjar framfærslu. Engar heimildir eru í íslenskum lögum til að leggja fyrir samfélagsfræðipróf og einu haldbæru kröfuna um íslenskukunnáttu er að finna í reglugerð tengt íslenskum ríkisborgararétti þar sem aðeins er gerð krafa um þrep A2, næstlægsta hæfniprep Evrópska tungumálarammans og samfélagsþátttöku. Verndarhópar eru undanþegnir kröfunni um trygga framfærslu. ru undanþegnir kröfunni um tryggri framfærslu.

AÐGERÐIR

Heildarendurskoðun dvalarleyfakafla útlendingalaga

Gerð verður breyting á lögum um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi útlendinga (útgáfa dvalar- og atvinnuleyfa).

Skilyrði og ávinnslutími vegna ótímabundins dvalarleyfis verða tekin til endurskoðunar. Er þar einkum horft til aukinna skilyrða um framfærslu, íslenskukunnáttu og grundvöll dvalar umsækjanda. Til greina kemur að taka upp stigskiptingu á ávinnslutíma eftir grundvelli dvalarleyfis umsækjanda líkt og almennt er gert á Norðurlöndunum.

SKILYRÐI FJÖLSKYLDUSAMEININGA OG HÆTTA Á HAGNÝTINGU

ÍSLENSKAR SÉRREGLUR

4

Fjölskyldusameiningarheimildir teknar til rýni

Ísland er eina norræna landið sem flokkar foreldra eldri en 67 ára sem nánustu aðstandendur og engin lágmarks-aldurskrafa er fyrir maka. Ekki er viðhaft strangt eftirlit með málamyndahjúskap, fjölkvæni eða fylgst kerfisbundið með því hvort aðili hafi áður fengið fjölskyldusameiningu eða hvort hjónaband sé notað til að flytja fólk inn.

AÐGERÐIR

Heildarendurskoðun dvalarleyfakafla útlendingalaga

Gerð verður breyting á lögum um um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi útlendinga (útgáfa dvalar- og atvinnuleyfa).

Heimildir til fjölskyldusameininga fyrir foreldra eldri en 67 ára verði samræmdar við Norðurlönd og framfærsluskylda aðstandanda skýrð enn frekar.

Heimildir Útlendingastofnunar til eftirlits með dvalarleyfa á grundvelli hjúskapar verða styrktar og til greina kemur að taka upp lágmarksaldur vegna hjúskapar.

Þá verða framfærsluskyldur útfærðar með reglugerð svo þær taki m.a. mið af raunverulegum framfærslukostnaði og fjölskyldustærð.



Alþjóðleg vernd

Þrjú frumvörp í þingmálaskrá



Þrjú frumvörp á döfinni í málaflokki verndar

Margar umbætur sem gerðar verða á lögum og framkvæmd tengt dvalarleyfum munu hafa áhrif á málaflokk verndar. Að auki eru 3 frumvörp í þingmálaskrá tengd verndinni.

- 1. Afturköllun alþjóðlegrar verndar.** Heimilt verður að afturkalla alþjóðlega vernd þegar viðkomandi hefur framið alvarlegt brot, ítrekað brot eða ógnar öryggi ríkisins og felld verður brott 18 mánaða reglan sem heimilar veitingu dvalarleyfis á grundvelli mannúðar ef niðurstaða liggur ekki fyrir innan þess tíma.
- 2. Brottfararstöð.** Ísland er eina Schengen-ríkið þar sem engin brottfararstöð er til staðar og uppfyllir því ekki alþjóðlegar skuldbindingar. Heimilt verður að vista útlending á brottfararstöð þegar tryggja þarf að útlendingur sé til staðar vegna ákvörðunar um að hann skuli yfirgefa landið. Á móti verður horfið frá þeirri framkvæmd að handtaka útlendinga í þessari stöðu og færa í gæsluvarðhald.
- 3. Verndarsamkomulag ESB.** Gerðar verða nauðsynlegar breytingar á lögum um útlendinga vegna innleiðingar á skuldbindingum Íslands í tengslum við verndarsamkomulag ESB. Þá þarf að uppfæra fingrafaragagnagrunn Eurodac og innleiða ákvæði krísureglugerðar. Metið verður hvort aðrar gerðir verði felldar inn í lög um útlendinga svo innlent regluverk samræmist reglum nágrannaríkja.

